



HÁSKÓLI ÍSLANDS
LYFJAFRÆÐIDEILD



LYFJAFRÆÐI



Lyfjafræði

Lyfjafræði er fræði- og vísindagrein sem fjallar um lyf frá öllum hugsanlegum sjónarhornum, allt frá þróun nýrra lyfjaefna og lyfjaforma að framleiðslu, notkun og verkun lyfja.


Nám í lyfjafræði

- BS-nám í lyfjafræði (þriggja ára nám, 180 einingar)
- MS-nám í lyfjafræði (tveggja ára nám, 120 einingar)
- MS-nám í lyfjavísindum (tveggja ára nám, 120 einingar)
- Doktorsnám í lyfjafræði (þriggja ára nám, 180 einingar)
- Doktorsnám í lyfjavísindum (þriggja ára nám, 180 einingar)

Lyfjafræðinám er samsett úr hinum ýmsu greinum líf- og raunvísinda auk félagsvísinda. Í BS-náminu er lögð áhersla á undirstöðugreinar lyfjafræðinnar, s.s. efnafræði, líffræði, stærðfræði auk ýmissa sérgreina í lyfjafræði.

Í framhaldsnámi er lögð áhersla á sérhæfingu og rannsóknavinnu. Nemendur fá þjálfun í að vinna sjálfstætt að vísindarannsókn undir leiðsögn. Þeir sem lokið hafa MS-námi í lyfjafræði geta sótt um starfsleyfi lyfjafræðings. Doktorsnám í lyfjafræði og lyfjavísindum er þriggja ára nám að loknu MS-prófi. Það er rannsóknarnám þar sem nemendur vinna að rannsóknum í samstarfi við einhvern af fastráðnum kennurum Lyfjafræðideildar.

Frekari upplýsingar í kennsluskrá eða á www.lyfjafraedideild.hi.is



Uppbygging náms og aðstaða nemenda

Námið er byggt á fjölbreyttum kennsluháttum, s.s. fyrirlestur, umræðutímum, verklegum æfingum, einstaklingsbundnum verkefnum, hópverkefnum og dæmatímum. Lyfjafræðideild hefur aðsetur í byggingunni Haga við Hofsvallagötu. Þar fer kennslan að mestu fram og nemendur hafa aðstöðu og aðgang að lesrými og tölvuveri.

Frekari upplýsingar á www.lyfjafraedideild.hi.is

„Áhugi minn á efnafræði og líffræði var aðal ástæðan fyrir því að ég valdi lyfjafræði. Mikið er um verklega kennslu sem gerir námið bæði fjölbreytt og skemmtilegt. Starfssvið lyfjafræðinga er einnig fjölbreytt og það heillaði mig ásamt því að lyfjaiðnaðurinn fer sífellt vaxandi.“

Auðunn Rúnar Gissurarson, BS-nemi



„Ég valdi lyfjafræði því fræðigreinin sameinar áhuga minn á starfsemi líkamans, efnafræði og lýðheilsu. Fræðigreinin er spennandi því hún krefst frjórrar hugsunar, allt frá vinnu við uppgötvun lyfjaefnis, þróun og hönnunar þess til notkunar gegn sjúkdómum. Námið er alþjóðlegt og störf lyfjafræðinga fjölbreytt, því ættu allir að geta fundið starf innan lyfjafræðinnar á sínu áhugasviði.“

Elín Dröfn Jónsdóttir, MS-nemi





Vert að vita

- Lyfjafræðideild kappkostar að útskrifa lyfjafræðinga með fyrsta flokks menntun, hvort sem þeir kjósa að fara beint til starfa í atvinnulífinu eða hyggja á framhaldsnám hér á landi eða erlendis.
- Lyfjafræðideild er sterk rannsóknareining innan HÍ þar sem stundaðar eru margvíslegar rannsóknir sem nemendur fá tækifæri til að kynnast og taka þátt í.
- Kennarar Lyfjafræðideildar eru í mikilli alþjóðlegri samvinnu sem gerir nemendum mögulegt að taka hluta af náminu erlendis.

Að námi loknu

Fjölbreytt nám á breiðum grunni gerir lyfjafræðinga eftirsóttá í atvinnulífinu og þeirra bíða spennandi atvinnutækifæri að námi loknu. Lyfjafræðingar starfa víða en algengast er að þeir starfi í lyfjaiðnaði, í apótekum, við markaðsmál eða á sjúkrahúsum.

Starfsvettvangur

- Í lyfjaiðnaðnum vinna þeir við framleiðslu og hönnun lyfja ásamt því að sinna gæðaeftirliti og skráningum.
- Á lyfjamarkaði vinna þeir við inn- og útflutning lyfja og að markaðsmálum.
- Störf lyfjafræðinga í apótekum felast helst í því að veita ráðgjöf, sinna eftirliti, stjórnun og afgreiðslu lyfja.
- Lyfjafræðingar í sjúkrahúsapótekum sinna ráðgjöf til annarra heilbrigðisstétta, taka þátt í skipulagningu og eftirliti með lyfjameðferð auk þess að framleiða lyfja- og næringarblöndur.

Félagslíf

Tinktúra er félag lyfjafræðinema en nafnið er vísun í gamalt lyfjaform. Tilgangur félagsins er að halda uppi öflugu og skemmtilegu félagslífi innan deildarinnar. Félagið stendur fyrir vísindaferðum, árhátíð, jólaglöggi, íþróttamóti og ýmsum öðrum viðburðum.

Tinktúra er aðili að þremur alþjóðlegum samtökum; IPSF, EPSA og IAESTE. Helstu markmið samtakanna eru að bjóða íslenskum nemendum vinnu erlendis sem tengist námi þeirra, til lengri eða skemmri tíma, og erlendum nemendum störf við hæfi á Íslandi.

Fylgstu með Tinktúru á Facebook!

Heilbrigðisvísindasvið

Heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands er í fararbroddi á sviði heilbrigðismála á Íslandi og gegnir lykilhlutverki í uppbyggingu íslenska heilbrigðiskerfisins með menntun heilbrigðisstarfsmanna. Helstu sérfræðingar þjóðarinnar í heilbrigðisvísindum koma að kennslu og rannsóknum á sviðinu.

Á Heilbrigðisvísindasviði er boðið upp á nám í sex deildum: Hjúkrunarfræðideild, Lyfjafræðideild, Læknadeild, Matvæla- og næringarfræðideild, Sálfræðideild og Tannlæknadeild.

Tengsl við atvinnulíf

Heilbrigðisvísindasvið er í nánu samstarfi við Landspítala – háskólasjúkrahús, heilsugæsluna og aðrar heilbrigðisstofnanir.

Umsóknir og inntökuskilyrði

Sótt er rafrænt um nám á www.hi.is. Umsækjendur þurfa að hafa lokið stúdentsprófi eða öðru sambærilegu prófi frá erlendum skóla. Sjá inntökuskilyrði á www.hvs.hi.is

Lyfjafræðideild · Haga · Hofsvallagötu 53 · 107 Reykjavík · Sími: 525 4353 · Fax: 525 4071 · lyf@hi.is

www.lyfjafraedeild.hi.is



HÁSKÓLI ÍSLANDS
LYFJAFRÆÐIDEILD